

# 4. BEKKUR 2015

## STÆRÐFRÆÐI

Settu límmiðann  
innan rammans

# SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

## HEFTI II

Nafn: \_\_\_\_\_


Bekkur: \_\_\_\_\_

Skóli: \_\_\_\_\_

- Merktu prófheftið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri eigi við þig.
- **Notkun vasareiknis er heimil í þessu hefti.**
- Leyfð hjálpargögn eru kubbar, reglustika, talnagrind, spegill og vasareiknir.
- Sýndu útreikninga.
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.



## Afmæli



Í Vatnaskóla eru 50 nemendur í 4. bekk. Kennarinn setti upp súlurit sem sýnir í hvaða mánuðum nemendurnir eiga afmæli. Skoðaðu súluritið og svaraðu spurningunum.

**20. Freyr á afmæli í október. Hve margir eru yngri en hann?**

- <sub>1</sub> 2
- <sub>2</sub> 5
- <sub>3</sub> 7
- <sub>4</sub> 12

**21. Hve margir eiga afmæli samtals í febrúar og nóvember?**

- <sub>1</sub> 1
- <sub>2</sub> 4
- <sub>3</sub> 12
- <sub>4</sub> 47

22. Magnús ætlaði að leggja saman tölurnar 489 og 263 í reiknivél og fékk útkomuna 128 607. Hann hafði ýtt á rangan takka.

**Á hvaða takka ýtti hann?**

<sub>1</sub>  +

<sub>2</sub>  −

<sub>3</sub>  ×

<sub>4</sub>  ÷

23. Í versluninni í Vatnavík er boðið upp á eftirfarandi:

|            | Verð nú | Verð áður |
|------------|---------|-----------|
| Jólakaka   | 530 kr. | 650 kr.   |
| Piparkökur | 485 kr. | 515 kr.   |
| Kryddkaka  | 700 kr. | 920 kr.   |
| Kleinupoki | 450 kr. | 570 kr.   |
| Nýmjólk    | 70 kr.  |           |
| Kaffipakki | 800 kr. |           |

Valgerður kaupir eina jólaköku, eina kryddköku og mjólk.

**Hvað þarf Valgerður að borga?**

<sub>1</sub> 1085 kr.

<sub>2</sub> 1300 kr.

<sub>3</sub> 1400 kr.

<sub>4</sub> 1640 kr.

24. Jónas vann í garðinum sínum. Hann byrjaði stundvíslega kl. 8:00 og vann til klukkan 11:30. **Hve lengi vann hann?**

<sub>1</sub> 2 klukkustundir og 30 mínútur

<sub>2</sub> 3 klukkustundir

<sub>3</sub> 3 klukkustundir og 30 mínútur

<sub>4</sub> 4 klukkustundir

**25.** Friðrik og Agnes renna sér á línuskautum. Þau fara að heiman klukkan 13:00. Milli klukkan 13:00 og 14:00 fara þau 9 kílómetra, milli 14:00 og 15:00 fara þau styttra. Frá klukkan 15:00 til 16:00 fara þau aftur 9 kílómetra. Samanlagt fóru þau 26 kílómetra.

**Hve langt fóru þau milli klukkan 14:00 og 15:00?**

- <sub>1</sub> 5 km  
<sub>2</sub> 6 km  
<sub>3</sub> 7 km  
<sub>3</sub> 8 km

**26.** Í skotkeppni í körfubolta færðu 3 stig fyrir að hitta í körfuna en missir 2 stig í hvert sinn sem þú hittir ekki. Sigrún hitti 6 sinnum í körfuna en 4 sinnum ekki.

**Hve mörg stig fékk hún?**

- <sub>1</sub> 10 stig  
<sub>2</sub> 18 stig  
<sub>3</sub> 24 stig  
<sub>4</sub> 26 stig

**27.** Sigurgeir á 2000 kr. Hann gefur bróður sínum helminginn af peningunum. Hann gefur svo systur sinni helminginn af því sem þá er eftir.

Hann kaupir epli fyrir 75 krónur.


**Hvað á Sigurgeir eftir af peningunum?**

- <sub>1</sub> 425 kr.  
<sub>2</sub> 475 kr.  
<sub>3</sub> 525 kr.  
<sub>4</sub> 1425 kr.

**28.** Bjarnveig steikir 60 laufabrauðskökur. Fimm manns skera út brauðið; Barði, Diljá, Geir, Bjarnveig og Sara. Barði sker út 9 kökur, Diljá sker út 12; Geir sker 14; Bjarnveig sjálf sker 14.

**Hve margar kökur sker Sara út?**

- <sub>1</sub> 5  
<sub>2</sub> 7  
<sub>3</sub> 9  
<sub>4</sub> 11



**29. Á laugardag var 5° kaldara en á föstudag. Hvaða hitastig var á laugardag?**

- <sub>1</sub> 0°  
<sub>2</sub> 2°  
<sub>3</sub> 5°  
<sub>4</sub> 10°

**30. Þórður á 67 kr. í bauknum sínum, hann bætir síðan tveimur hundraðkrónu peningum í baukinn. Hann fær peninga að gjöf frá frænku sinni og þegar hann hefur sett þá peninga í baukinn á hann 767 krónur í bauknum.**

**Hve háa upphæð fékk Þórður frá frænku sinni?**

- <sub>1</sub> 267 kr.  
<sub>2</sub> 500 kr.  
<sub>3</sub> 700 kr.  
<sub>4</sub> 1000 kr.

**31. Björg gengur 1200 m í skólann. Bjarni gengur 750 m.**

**Hve miklu lengra þarf Björg að ganga en Bjarni?**

- <sub>1</sub> 350 m  
<sub>2</sub> 450 m  
<sub>3</sub> 550 m  
<sub>4</sub> 1950 m

**32. Í leikhúsinu voru 2405 börn og 1947 fullorðnir. Hve mörgum fleiri voru börnin?**

- <sub>1</sub> 458  
<sub>2</sub> 542  
<sub>3</sub> 558  
<sub>4</sub> 568

33. Hvert er ummál þessa rétthyrnings?

Mældu með reglustiku.

- <sub>1</sub> 22 cm  
<sub>2</sub> 24 cm  
<sub>3</sub> 26 cm  
<sub>4</sub> 28 cm



34. Geir er með tvo fimmhundruð króna seðla og áttatíu og sex krónur í smápeningum í vasanum. Hann fær þrjúþúsund fjögurhundruð sextíu og fimm krónur fyrir einnota umbúðir sem hann skilar inn.

Hve mikla peninga á Geir þá?

- <sub>1</sub> 3651 kr.  
<sub>2</sub> 4051 kr.  
<sub>3</sub> 4551 kr.  
<sub>4</sub> 13551 kr.

35. Í matarboði verða 12 manns. Hver þeirra fær fjórar kartöflur.

Hve margar kartöflur þarf fyrir matarboðið?

- <sub>1</sub> 12  
<sub>2</sub> 24  
<sub>3</sub> 36  
<sub>4</sub> 48

36. Magnús kaupir vélmenni og upptrekka mús í leikfangabúðinni. Hann borgar með tveimur þúsund króna seðlum.

Hve mikið fær hann til baka?

- <sub>1</sub> 655 kr.  
<sub>2</sub> 755 kr.  
<sub>3</sub> 855 kr.  
<sub>4</sub> 955 kr.




230 kr.



875 kr.



356 kr.



989 kr.



195 kr.


37. Þórey hleypur hundrað metra á 13 sek.

**Hvað væri Þórey fljót að hlaupa 800 m ef hún héldi sama hraða?**


- <sub>1</sub> 53 sek.  
<sub>2</sub> 84 sek.  
<sub>3</sub> 1 mín. og 44 sek.  
<sub>4</sub> 8 mín. og 13 sek.

38. Sigga skoðar þessi teppi.


**Hvaða teppi hafa sama ummál?**



Teppi A



Teppi B



Teppi C

- <sub>1</sub> Teppi A og B  
<sub>2</sub> Teppi A og C  
<sub>3</sub> Teppi B og C  
<sub>4</sub> Öll hafa sama ummál

39. Félagar í fjallgönguklúbbi eru á leið upp á Háarima. Fyrstu tvo tímuna er hækkun 362 m, á næstu tveimur tímum er lækkun um 31 metra.

Í lokaáfangi er 578 m hækkun.

**Hver var heildarhækkunin hjá göngumönnunum?**

- <sub>1</sub> 185 metrar  
<sub>2</sub> 578 metrar  
<sub>3</sub> 909 metrar  
<sub>3</sub> 940 metrar

40. Poki með 100 g af sælgæti kostar 200 krónur í búðinni. Á laugardögum er helmingsafsláttur af sælgæti í poka. Á laugardegi kaupir Alda 200 g af sælgæti og Hanna kaupir 300 g.

**Hvað borga þær samtals mikið?**

- <sub>1</sub> 250 kr.  
<sub>2</sub> 500 kr.  
<sub>3</sub> 600 kr.  
<sub>4</sub> 1000 kr.

**MUNDU EFTIR BAKSÍÐUNNI**

41. Björg og Bjarni fara í ferð með Ferðafélagi Vatnahrepps. Hvort um sig borgar 1250 kr. fyrir rútuferðina og Bjarni kaupir sér nesti fyrir 670 krónur. Björg fékk nesti að heiman en keypti vettlinga sem kostuðu 850 kr.

**Hvað borguðu Björg og Bjarni samtals?**

- <sub>1</sub> 2770 kr.
- <sub>2</sub> 4020 kr.
- <sub>3</sub> 4690 kr.
- <sub>4</sub> 7190 kr.

42. Skýjarennan er vinsælasta vatnsrennibrautin í Vatnagarðinum. Til að tryggja öryggi þurfa að líða 20 sekúndur milli þeirra sem renna sér. Ása er númer fimmtán í röðinni við rennibrautina.

**Eftir hve langan tíma kemst Ása að í rennibrautinni?**

- <sub>1</sub> 2 mín
- <sub>2</sub> 3 mín
- <sub>3</sub> 4 mín
- <sub>4</sub> 5 mín

43. Bóndi seldi 7 bakka með 6 eggjum og 4 bakka með 10 eggjum.

**Hve mörg egg seldi bóndinn?**

- <sub>1</sub> 17 egg
- <sub>2</sub> 27 egg
- <sub>3</sub> 42 egg
- <sub>4</sub> 82 egg

44. Á girðingunni á myndinni eru 10 metrar á milli girðingarstauranna.

**Hvert er ummál girðingarinnar?**

- <sub>1</sub> 32 m
- <sub>2</sub> 64 m
- <sub>3</sub> 128 m
- <sub>4</sub> 320 m

